

Fotablað Völsungu



2022

Framkvæmdastjóri/aðalstjórn

Jólablað Völsungs er löngu orðið eitt af hornsteinum í jólaundirbúningi Völsunga og í raun allra Húsvíkinga. Annað árið í röð er blaðið gefið út með rafrænum hætti og nær því til allra Völsunga um heim allan. Í blaðinu er farið yfir starfsemi ársins sem er að líða hjá deildum félagsins og má því með sanni segja að um leið og við förum yfir árið sem er að líða að þá erum við að tryggja og varðveita upplýsingar um starfsemi félagsins til framtíðar.

Árið 2022 verður minnst fyrir að vera árið þar sem við hættum öllum takmörkunum. Skipulagt íþróttastarf fór í eðlilegt horf og mótahald varð með sama sniði og áður. Það eru mikil forrétindi að hafa eins öflugt íþróttafélag og Völsungur er í ekki stærra bæjarfélagi og Húsavaik er. Völsungur heldur úti starfi fyrir iðkendur frá tveggja ára aldri og uppí eldri borgara, allt frá almennri hreyfingu í afreksstarf. Það eru mikil lífsgæði að geta farið á æfingu í skipulögðu íþróttastarfi, keppt fyrir hönd Völsungs, stutt félagið af þöllunum í höllinni eða úr brekkunni við knattspyrnuvöllina eða hvað þá lagt sitt af mörkum sem sjálfbóðaliði svo starfsemin geti haldið áfram að dafna. Við sem samfélag getum verið þakklát öllum þeim sjálfbóðaliðum sem vinna fyrir félagið því án þeirra væri starfsemin fátæklegri.

Völsungur hefur ávallt litað samfélagið sem við búum í. Árið 2022 var engin breyting á því. Félagið fór að vinna að samþættingu íþróttá- og tómsundastarfs fyrir yngstu iðkendur, eða frá 5 ára og upp í 8 ára. Nú fá öll börn á þessum aldri kynningu á þeim íþróttagreinum sem eru í boði fyrir þennan aldur hjá félaginu. Markmiðið er skýrt, það er að auka hreyfingu barna og um leið að fjölga iðkendum. Verkefnið hefur farið vel af stað og verður gaman að fylgjast með því dafna um ókomna tíð. Næsta verkefni sem er aðkallandi og félagið hefur sett á oddinn gagnvart sveitarfélaginu er að Norðurþing móti sér stefnu í íþróttá- og æskulýðsmálum. Það er mikilvægt að sveitarfélagið móti sér stefnu í þessum málaflokki og er alveg ljóst að félagið verður klárt í þá vinnu þegar að því kemur.

Að lokum viljum við þakka öllum sjálfbóðaliðum, fyrirtækjum, stuðningsmönnum og öðrum velunnurum fyrir stamstarfið á árinu sem er að líða. Það eru margir aðilar sem koma að íþróttafélagi og félagið er okkar allra. Verum stolt af því að vera félagi í Völsungi og hugsum hvað við getum gert fyrir félagið okkar svo það megi halda áfram að vaxa og dafna um ókomna tíð, bæjarfélaginu okkar til heilla.

Gleðileg jól til Völsunga nær og fjær.

Áfram Völsungur.

Aðalstjórn Völsungs sendir Völsungum nær og fjær bestu óskir um gleðileg jól og þakkar stuðninginn og samfylgdina á árinu sem er að líða.

Jólakveðja, aðalstjórn



HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR FRÍSTUNDASTYRKINN?

17.500 kr. - gildir til 31.12.22

Börn á aldrinum 2-18 ára eiga rétt á niðurgreiðslu á skipulögðu íþróttá- og tómsundastarfi!

www.nordurthing.is

Nánari upplýsingar veitir íþróttá- og tómsunda-fulltrúi kjartan@nordurthing.is

HAVE YOU USED YOUR ACTIVITY GRANT?

17.500 kr. - Valid to 31.12.22

All children from the age 2 -18 can entitled to sports- and activity grant from Norðurþing



Óskum Völsungum og Þingeyingum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Áramótabrenna og flugeldasýning


Kveikt verður á áramótabálkesti kl. 17:00 á gamlársgöngu.

Brennan verður staðsett við Skeiðavöll fyrir neðan Skjálbrekku.

Við hvetjum alla íbúa til að mæta og eiga góða stund saman.



Opnunartími í sundlaug Húsavíkur yfir hátíðirnar



Þorláksmessa:	06:45 - 18:00
Aðfangadagur:	10:00 - 14:00
Jóladagur:	Lokað
Annar í jólum:	10:00 - 14:00
Gamlársdagur:	10:00 - 14:00
Nýársdagur:	Lokað

Aðra daga er hefðbundinn
opnunartími



Norðurþing - Ketilsbraut 7-9 - 640 Húsavík - 464-6100 - www.nordurthing.is



Náttúrustofa óskar
Þingeyingum gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.



N á t t ú r u s t o f a
N o r ð a u s t u r l a n d s

Íþróttafólk Völsungs 2021

Íþróttafólk Völsungs var haldið með breyttu sniði sökum sóttvarnareglna annað árið í röð föstudaginn 11. febrúar en alls voru fimm einstaklingar tilnefndir úr þrem deildum félagsins. Það er Íslandsbanki sem gefur verðlaunagripina og þökkum við þeim kærlega fyrir það. Úrslit voru kunngjörð í vallarhúsinu þar sem verðlaunahafar voru viðstaddir. Í kjöri voru eftirtaldir aðilar:

- Árdís Rún Þráinsdóttir knattspyrnukona Völsungs 2021
- Hreinn Kári Ólafsson blakmaður Völsungs 2021
- Sæþór Olgeirsson knattspyrnumaður Völsungs 2021
- Tamara Kaposi-Peto blakkona Völsungs 2021
- Tómas Halldór Pétursson langhlaupari(Almenningsíþróttadeild) Völsungs 2021

Tamara Kaposi-Peto var kjörin Íþróttakona Völsungs fyrir árið 2021. En Tamara leiddi meistaraflokk kvenna í blaki til sigurs í 1. deild íslandsótsins á vordögum 2021. Hún leiddi einnig liðið í ógleymanlegum leik þegar Völsungur sló út úrvalsdeildarlið Álftanes og komst liðið þar með í úrslitahelgi blaksambandsins þar sem fjögur lið leika.

Sæþór Olgeirsson var kjörinn Íþróttamaður Völsungs fyrir árið 2021. Sæþór var máttastólpi í meistaraflokki karla í knattspyrnu og skoraði 20 mörk í 2. deild og auk þess 6 mörk í Mjólkurbikar KSÍ. Aldrei hefur leikmaður Völsungs skorað jafn mörg mörk í löggildum keppnismótum yfir sumarið. Sæþór var kosinn besti leikmaður 2.deildar og í lið ársins af leikmönnum og þjálfurum 2.deildar í kosningu hjá fotbolti.net, stærsta fréttamiðli íslenskrar knattspyrnu.

Hvatningaverðlaun

Við sama tilefni voru veitt hvatningaverðlaun. Hvatningarverðlaun eru veitt þeim aðilum, 16 ára og yngri, sem eru fyrirmyndir aðra iðkenda með ástundun og dugnaði bæði inann sem utan vallar. Það eru deildir félagsins sem tilnefna tvo fullrúa úr sínum röðum, einn af hvoru kyni. Að þessu sinni voru verðlaunin veitt einstaklingum úr blaki og knattspyrnu. Í knattspyrnu voru verðlaunin veitt þeim Jakobi Héðni Róbertssyni og Sigrúnu Mörtu Jónsdóttur. Hjá blakdeild voru það þau Hörður Mar Jónsson og Hildur Gauja Svavarsdóttir.

Bjarki Baldvinsson leikjahæsti leikmaður í sögu Völsungs

Bjarki Baldvinsson var einnig heiðraður við sama tilefni fyrir að ná þeim frábæra áfanga að hafa spilað flesta leiki alls knattspyrnufólks í sögu Völsungs. Bjarki náði þeim áfanga í sumar en þá hafði hann leikið 354 KSÍ leiki fyrir Völsung og skorað í þeim 71 mark. Áfangi sem erfitt verður að skáka í framtíðinni.



Jólahugvekja sóknarprests

Ég heyrði eitt sinn sögu af dreng í barnaskóla sem tók þátt í jólahelgileiknum, sem sýna skyldi á jólaskemmtun skólans. Drengurinn fékk hlutverk eins gistihúsaeigandans sem María og Jósef bönkuðu upp á hjá, en var vísað frá.

Æfingar gengu vel og sýningakvöldið rann upp með troðfullum sal gesta. Helgileikurinn hófst, allt gekk vel. Það var komið að atriðinu með gistihúss eigandanum. Drengurinn stóð á sviðinu bakvið þunna hurð, hjartað hamaðist í brjósti hans, það var komið að honum að vera í sviðsljósinu. Bankað var á hurðina og hann ýtti henni upp, vinur hans og bekkjarbróðir í hlutverki Jósefs spyr hvort þau geti fengið gistingu. Drengurinn skynjar þögnina í salnum, heit ljósinn beinast að þeim, augu allra beinast að honum og þau bíða eftir svari. Eftir andartakspögn segir hann hressilega: „ Kæru vinir, gangið í bæinn og verið velkomin !”

Það kom eðlilega fát á leikendur og söguþráður helgileiksins virtist ætla að raskast einhver ósköp. Hinsvegar tel ég að saga mannkyns hefði ekki breyst mikið þó að gistihúss eigandinn hefði skotið skjólshúsi yfir þau Maríu og Jósef á sínum tíma. Kjarni málsins er sá að Guð kom í heiminn. Æðri máttur birtist í einstaklingnum sem fékk nafnið Jesús.

Ég nálgast ekki á frásöguna af fæðingu frelsarans sem ævintýri eða sagnfræðilega staðreynd heldur sem persónuleg skilaboð til mín og þín. Guð kom í heiminn, því hann, æðri máttur, vill taka þátt í þínu lífi, vera hluti af ævisögu þinni. Ævi Jesú lauk hér á jörðu. Hún var meira að segja frekar stutt. Það er talið að Jesús hafi verið rúmlega þrítugur þegar hann lést. En samfylgdinni við æðri mátt lýkur aldrei. Því Jesús sagði: Sjá ég er með ykkur alla daga, allt til enda veraldar. Í heilögum anda sínum er Guð nálægur. Ef til vill var Guð einmitt með unga drengnum í sögunni í helgileiknum, ef til vill hafði heilagur andi snert sál hans svo djúpt að hann gat ekki hugsað sér að vera sá sem myndi vísa Guði / Jesú barninu frá. En þó höfum við val til þess.

Við höldum jól. Fögnum fæðingu Frelsarans okkar. En hvaða merkingu hefur það í okkar lífi? Höfum við gert okkur far um að staldra við og gefa Guði pláss í lífi okkar? Setið í kyrrð og andað að okkur friði Guðs, talað við hann í bæn, upphátt eða í hljóði, þakkað eða falið okkur og ástvini góðum Guði? Það eru ýmsar leiðir til að nálgast æðri mátt í lífi okkar. Engin ein leið er réttari en önnur, en valið er okkar, að bjóða hann velkominn inn í hjörtu okkar eða ekki. Aðventan, jólin, minna okkur á að staldra við og íhuga einmitt þetta tilboð. Viltu hafa Guð með í lífi þínu? Því sama í hvaða félagasamtökum þú ert skráð/ur í, þá er Guð alltaf með þér í liði og vill fá að fylgja þér. „ Sjá ég er með yður alla daga, allt til enda veraldar „ (Matt. 28.20) Guð gefi þér góð og hamingjurík jól.

Sólveig Halla Kristjánsdóttir.



KEA

*Bragðið sem byr
til jólin*

Þegar kemur að jólasteikinni koma málamiðlanir ekki til greina. Þess vegna stólar fólk á okkur því þannig gengur það að gæðunum vísum. KEA hamborgarhyggurinn er sérlega safaríkur, bragðgóður og úr fyrsta flokks hráefni.



Boccia

Loksins var hægt að hefja aftur æfingar eftir Covid og byrjuðum við á Opna Húsavíkurmóttinu í boccia sem er fastur liður í starfi Boccideildar Völsungs með góðum stuðningi Kiwanisklúbbsins Skjálfanda. Mótið var haldið í Íþróttahöllinni í mars 2022. Kiwanismenn annast alla dómgæslu, merkingu valla, og koma að öllum undirbúningi mótsins með Boccideildinni og erum við þeim ævarandi þakklát og öllum þeim sjálfboðaliðum sem koma að þessu móti. Mótið tókst afar vel í alla staði, góð þátttaka að venju og mættu 31 lið til keppni en það sýnir að bæjarbúar og fyrirtæki eru tilbúin að styðja við bakið á boccideildinni með þátttöku, en þetta er fjáröflun fyrir deildina í formi firmakeppni. Farið var svo á pizzahlaðborð að loknum góðum degi.

Hvatningabikar Íþróttafélag fatlaðra 2022.

Hefð er fyrir því að afhenda „Hvatningabikar ÍF“ á Opna Húsavíkurmóttinu í boccia. Bikarinn er farandbikar gefinn af Íþróttasambandi Fatlaðra og veittur árlega (allt frá árinu 1995) þeim einstaklingi sem að mati stjórnar Boccideildar og þjálfara sýnir bestu ástundun, eljusemi í starfi og góðar framfarir. Í ár hlaut hinn öflugi bocciamaður Völsungs Indriði Haraldsson í Kvistási. Indriði gekk til liðs við Boccideild Völsungs 2017, hann hefur frá upphafi samlagast hópnum vel og verið virkur í öllu starfi deildarinnar bæði hvað varðar íþróttaiðkun, góða ástundun, þátttöku á mótum og öðru félagsstarfi félagsins. Hann hefur ekki látið það hamla mætingu á æfingar eða þátttöku í starfinu að eiga um langan veg að fara en hann býr í Kvistási í Kelduhverfi. Strax á fyrsta ári fór hann á sín fyrstu mót með keppnisliði deildarinnar og síðan hefur hann mætt á flest mót ársins m.a. Íslandsmót, Norðurlandsmótið, Hængsmótið á Akureyri og Opnu-Húsavíkurmótið. Liðið ár var ekki venjulegt hvað iðkun boccia varðar, en Indriði sýndi miklar og góðar framfarir eftir að hann kom til liðs við boccideildina, ekki síst félagslegar, færni og árangur. Við væntum framfara hjá Indriða á næstu árum ef hann stundar íþrótt sína áfram af sömu innlifun og metnaði. Hann er góð fyrirmynd fullorðinna fatlaðra íþróttamanna.

Hængsmótið-Íslandsmót 2022, Völsungur fór loksins á mót eftir langann covid tíma og eftirvæntingin mikil. Okkar fólki gekk ágætlega en enginn fór á pall.

Íslandsmótið í einstaklingskeppni 2022 haldið af Nes Keflavík. Völsungur átti 15.keppendur í haust og lagt var af stað í langþrátt ferðalag og vorum við með nýja þátttakendur með okkur sem stóðu sig vel og okkur til sóma. Mótið tókst í alla staði mjög vel og áttum við þar nokkra keppendur sem komust í undanútslit og svo áfram í úrslit. En í 3ju deildinni sigraði Aron Fannar Skarphéðinsson með glæsibrag og eini keppandi Völsungs í verðlaunasæti. Jóna Rún Skarphéðinsdóttir endaði í 4.sæti í 2.deild.

Gaman er líka segja frá því að Hildur Sigurgeirsdóttir var valin til að fara fyrir Íslands hönd á Special Olympics í Berlín í júní 2023 og keppir þar í boccia, næsta ár verður því spennandi fyrir boccideildina því undirrituð mun fara sem þjálfari og hlökkum við stöllum mikið til.



Rannveig Þórðardóttir, Formaður og þjálfari.





SPARISJÓÐUR
SUÐUR-ÞINGEYINGA
ÓSKAR VIÐSKIPTAVINUM,
VELUNNUM
OG LANDSMÖNNUM ÖLLUM
GLEÐILEGRA JÓLA
OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI.

SPARISJÓÐUR
SUÐUR-ÞINGEYINGA
FYRIR ÞIG OG ÞÍNA.





Ánsi viðburðarríku ári er að ljúka hjá BJJ (Brazilian Jiu Jitsu) deild Völsungs. Deildin var stofnuð í byrjun árs 2021 og taldi þá þrjá iðkendur. Þrátt fyrir Covid pásur stækkaði deildin jafnt og þétt og var fjöldi iðkenda í byrjun árs 2022 um 10 manns.

Okkur var farið að þykja plássið sem við höfðum úr að moða full lítið en æft var í litla salnum í íþróttahöllinni þrisvar sinnum í viku. Þegar okkur bauðst til að byggja upp nýja æfingaaðstöðu í Smiðjunni (gamla Húsasmiðju skemman) ásamt Crossfitturunum þurftum við ekki að hugsa okkur lengi um og stukkum á tækifærið. Allt vinnuframlag var innt af hendi iðkenda og þjálfara í sjálfboðavinnu og nokkrum vikum síðar, eða í byrjun sumars, hófust æfingar á nýjum stað.

Hvað æfingar varðar var hápunktur sumarsins án efa þegar svokallað „Dojo Storm“ var haldið í nýju æfingahúsnæði en þá ferðudust glímukonur- og menn víðsvegar af landinu til Húsavíkur til að glíma og kynnst þeirri menningu sem Húsavík og nágrenni hefur upp á að bjóða. Þá tóku um 20 manns þátt í fjórum tveggja klukkustunda æfingum á þremur dögum. Það skal því engan undra að fólk fór þreytt en ánæggt heim á þriðja degi.

Tveir iðkendur kepptu fyrir hönd félagsins á árinu í alls fjórum keppnum og komu heim með þrjú brons sem er vel af sér vikið, sérstaklega í ljósi þess að þau eru að stíga sín fyrstu skref í keppnum.

BJJ samfélagið á Íslandi fer ört vaxandi og leggjum við áherslu á að vera í góðu samstarfi við aðra klúbba. Til að mynda reynum við að fara til Akureyrar að glíma við félag okkar í Atlantic Jiu Jitsu fyrstu helgi hvers mánaðar. Það er gott og gaman fyrir iðkendur að máta sig við nýja og mismunandi æfingafélaga.

Um mitt sumar hóf æfingar hjá okkur Portúgali að nafni Rui en hann var búsettur hér í bæ frá sumri fram undir miðjan október. Rui hefur um 20 ára reynslu í judo og er með svart belti í íþróttinni. Það var því afar gaman og gagnlegt að fá hann á æfingar hjá okkur.

Þegar þessi pistill er ritaður eru 16 iðkendur skráðir til æfinga hjá klúbbnum og enn fleiri sem hafa stigið fæti inn á dýrnurnar og prófað. Allir iðkendur hafa tekið framförum á árinu og eru undirritaðir afar þakklátir fyrir þann áhuga sem glímunni hefur verið sýndur og eru ekki í neinum vafa um að sá áhugi á eingöngu eftir að aukast.

Við hvetjum alla áhugasama til að kynna sér þessa skemmtilegu og krefjandi íþrótt ýmist með því að kíkja til okkar á æfingar eða í gegnum samfélagsmiðla („BJJ North“ á Facebook og bjj_north á Instagram).







Yngri flokkar í knattspyrnu

Barna- og unglíngaráð knattspyrnudeildar Völsungs heldur utan um yngri flokka félagsins. Ráðið er í raun eins og hver önnur deild innan Völsungs sem sér m.a. um innheimtu æfingagjalda og ráðningu þjálfara. Ráðið er skipað þremur til fimm fulltrúum foreldra eða áhugafólks um knattspyrnu.

Nú skipa ráðið Guðrún Þórhildur Emilsdóttir, Valgeir Sigurðsson, Benedikt Þór Jakobsson Brolin, Berglind Jóna Þorlákssdóttir, og Freyr Ingólfsson. Þá situr framkvæmdarstjóri Völsungs fundi ráðsins og er tengiliður við aðalstjórn Völsungs. Ragnar Hermannsson lét af störfum sem formaður ráðsins á árinu og kunnum við honum bestu þakki fyrir öflugt og óeigingjarnt starf í þágu barnanna okkar.

Þjálfarateymið okkar stóð vaktina á árinu af miklum myndarbrag. Þeir Aðalsteinn Jóhann Friðriksson, Elmar Örn Guðmundsson, og Óskar Páll Davíðsson héldu sínum störfum áfram frá síðasta ári. Þá bættist Linda Birgisdóttir í hópinn í sumar og tók 8. flokkinn í sínar hendur eftir að Guðrún Þóra Geirsdóttir hélt á vit nýrra ævintýra. Þau Santiago Feuillassier, Sarah Elnicky og Steinn Alexander Einarsson komu svo feykisterk inn í sumarvertíðina. Við erum afskaplega stolt af þessu teymi sem stóð sig svo frábærlega á árinu. Það eru klár forréttindi að hafa svona duglegt, áhugasamt og hæft fólk í okkar röðum.

Smíðjan hefur séð um styrktarþjálfun fyrir yngri flokkana í ár og gert það vel. Barna og unglíngaráð er virkilega ánæggt með samstarfið og vonandi er það komið til að vera.

Það er óhætt að segja að starfið hafi farið af stað með krafti eftir frekar róleg ár í Covid faraldrinum. Krakkarnir okkar ferðuðust um allt land á mót og í leiki þar sem þau voru félaginu okkar til sóma hvert sem þau komu. Það er vert að nefna að 5. flokkur kvenna sigraði Síamótið og 4. flokkur kvenna sigraði Reyccup. Þá urðu strákarnir í 4. flokki Íslandsmeistarar í 8 manna bolta. Við getum svo sannarlega verið stolt af krökkunum okkar.

Þeim iðkendum Völsungs sem voru valin í landsliðverkefni á árinu óskum við innilega til hamingju með árangurinn og hlökkum til að sjá fjölga í þeirra hópi á komandi árum.

Curiomótið var loksins haldið aftur eftir tveggja ára hlé vegna Covid í lok ágústs. Curio er helsti styrktaraðili mótsins ásamt Trésmiðjunni Rein og Norðlenska. Mótið í ár var það stærsta frá upphafi með um 800 skráða keppendur í 160 liðum. Spilað var á 16 völlum á þessu dagsmóti sem einnig mestu fjöldi valla sem settir hafa verið upp. Mótið er dagsmót sem haldið er fyrir 8., 7. og 6. flokk stráka og stelpna og komu lið víða af Norður- og Austurlandi. Norðurþing bauð svo keppendum frítt í sund að móti loknu.

Skipuð var sér mótsnefnd haustið 2019 sem hafði veg og vanda að undirbúningi ásamt Barna- og Unglíngaráði, Framkvæmdastjóra Völsungs og fleirum góðum Völsungum. Mótið var vel skipulagt og gekk vel í alla staði. Slíkt mót er ekki hægt að halda án stuðnings foreldra og annara sjálfbóðaliða sem komu að uppsetningu og frágangi mótsins, tóku sjoppu- og grillvaktir eða dæmdu leiki. Það var frábært að sjá hversu margir voru viljugir að hjálpa til og aðstoða. Það er stærsti stuðningurinn sem svona mót þarf.

Hagnaður Curiomótsins var nýttur í rekstur og búnaðarkaup fyrir barna og unglíngaliðin okkar.

Samþætting skóla og tólmstundarstarfs hófst svo í haust og hefur farið vel af stað.

Hér að neðan eru pistlar frá þjálfurum hvers flokks um það starf sem fór fram í flokkunum:

8. flokkur

8. flokkur, stóðu sig með þrýði í sumar. Fórum á tvö fótoltamót. Það fyrra var Strandarmótið á Dalvík og gekk það vonum framan. Krakkarnir sýndu alla sína bestu takta. Skoruðu mörg mörk og skemmtu sér konunglega. Heyrst hefur að sumir séu betri en Ronaldo eftir þetta mót. Seinna mótið var svo hér á Húsavík, hið víðfræga Curio mót og ekki var það síðra. Frábært veður og allir glaðir. 8. flokkur flokkur þurfti að fá að láni tvo leikmenn bæði úr öðrum flokkum Völsungs og svo úr öðru bæjarfélagi. Allir vinir, allir glaðir og foreldrar ekki síðri. Í báðum mótum gengu foreldra í þjálfara hlutverkið og stóðu sig með þrýði. En eftir alltsaman eru það krakkarnir sem stóðu sig hvað best. Þetta eru meistara snillingar, svo lang best. Takk fyrir sumarið.



-Linda Birgisdóttir

7 flokkur karla

Í 7. flokki karla voru það rúmlega 20 fjörugir strákar sem æfðu saman þetta tímabilið, mikið fjör var á æfingum en alltaf gaman samt. Framfarirnar voru miklar og sáust þar greinilega á milli móta. Við fórum á tvö dagsmót inn á Akureyri áður en sumarið. Í sumar fórum við svo hattarmótið á Egilsstöðum auk þess sem við sendum til leiks lið í fyrsta skipti á Norðurlásmótið á Skaganum. Þar var mikið fjör enda strákarnir að stíga sín fyrstu skref á gístmóti í alvöru skagaveðri sem tók þar á móti okkur. Skoruð voru fullt af mörkum, varið fullt af skotum, tekið dansspor, kramið dósir og mikið spáð í vösunum á buxunum á meðan leik stóð en allir höfðu þó gaman. Fórum svo á strandarmótið á Dalvík og enduðum svo tímabilið með frábæru Curiomóti í blíðunni hér á Húsavík.



-Óskar Páll Davíðsson

7. flokkur kvenna

Í 7. flokki kvenna voru einungis 5 stelpur sem voru að æfa fyrir áramót en bæst hefur riflega í hópinn og eru þær orðnar 12 og er alveg stórkostlegur hópur af mismunandi karakterum sem smellpassa saman. Framfarirnar voru miklar og sást það greinilega á milli móta. Í vetur fórum við á Goðamótið og nokkur dagsmót áður en sumarið byrjaði. Í sumar fórum við á Hattarmótið, Strandarmótið, svo skelltum við okkur alla leiðina suður á Síamótið sem sló alveg í gegn. Enduðum svo tímabilið á Curiomótinu í blíðunni á Húsavík.

-Elmar Örn Guðmundsson



6. flokkur karla

Í 6. flokki karla voru það tæplega 20 efnilegar strákar sem æfðu saman þetta tímabilið. Þetta er flottur hópur og óhætt er að segja að þeir eigi framtíðina fyrir sér í fótboltanum þessir. Í vetur fóru þeir flestir á sitt fyrsta gistimót og speningurinn eftir því. Einnig fórum við á tvö dagsmót á Akureyri ásamt því að fara á hattarmótið á Egilsstöðum. Í sumar fóru þeir síðan á tveggja daga mót á króknum og spiludum við þar mjög óvænt í frábæru veðri báða daganna. Miklar framfarir á öllum hópnum milli móta og sást það vel á spilamennsku strákanna. Við enduðum síðan þetta skemmtilega tímabil á frábæru Curiomóti í blíðunni hér á Húsavík.

-Óskar Páll Davíðsson



6. flokkur kvenna

Í 6. flokki kvenna voru 12 stelpur sem æfðu í sumar. Þetta er flottur hópur af stelpum sem ná vel saman og eru alltaf klárar að hvetja hvor aðra áfram. Það sást alveg örugglega í vetur og sumar þegar á mót var haldið, alltaf þegar hitt liðið var að spila þá var ekki langt í hinar stelpurnar að hvetja þær áfram. Í vetur fórum við á Goðamótið inná Akureyri ásamt nokkrum dagsmótum. Í sumar fórum við loksins á síamótið sem að stelpurnar voru búnar spyrja þjálfarann á reglulegu tímabili hvað væri langt í síamótið yfir veturinn. Við fórum einnig á hattarmótið og enduðum svo heima á Curio mótinu í blíðu.

-Elmar Örn Guðmundsson



5. flokkur karla

5. Flokkur karla tóku þátt í Íslandsmóti og á N1 mótinu í sumar.

Á N1 mótinu voru við með 2 lið skráð til leiks. Eins og alltaf eru sigrar og töp og allur tilfinningaskalin en á endanum allir glaðir og mótið hjá okkur heilt yfir vel hepnad.

Á Íslandsmótinu var 5.flokkur Völsungs það lið sem var sennilega lag skemmtilegast að horfa á. Allavega ef markafjöldi í leikjum liðsins er skoðaður því að í þeim 10 leikjum sem þeir spiluðu voru skorud 113 mörk sem gera rúm 11 mörk að meðaltali í leik. Það dugaði í 2.sæti í þeirra riðli.

-Aðalsteinn Jóhann Friðriksson



5. flokkur kvenna

Í 5. flokki kvenna voru 11 stelpur að æfa í sumar. Efnilegar stelpur þarna á ferð og framfarirnar miklar. Í vetur fórum við Goðamótið inná Akureyri og áttum þar mjög gott mót. Í sumar spiluðum við í Íslandsmótinu í A riðli og lentum í 3 sæti. Mjög gott.

Toppurinn af sumrinu var hinsvegar þegar við sóttum suður á síamótið og fóru stelpurnar taplausar í gegnum það mót og skiluðu af sér bikar upp í vallahús.

-Elmar Örn Guðmundsson



4. flokkur karla

4.flokkur karla tóku þátt í Íslandsmóti og á Rey cup í sumar. Í bæði þessi mót voru 2 Völsunglið skráð til keppni.

Á Rey Cup var mikið stuð. Allskonar leikir með allskonar úrslitum, sigrar, töp og maraþon vítaspuurkeppni. Almenn gleði og hamingja með mótið.

Á Íslandsmótinu voru 2 lið, 11 manna lið og 8 manna.

11 manna liðið tileinkaði sér heldur mikið þá grýlu sem hefur leikið Völsunga grátt í gegnum árin að ströggla á útvelli. Heimavöllurinn gaf heldur betur og niðurstaðan 2.sætið í sínum riðli.

8 manna liðið kláraði alla sína útileiki með glæsibrag áður en nokkurt lið kíkta loksins í heimsókn en til að gera langa sögu stutta þá enduðu þeir grænu sem Íslandsmeistarar í 8 manna bolta.

-Aðalsteinn Jóhann Friðriksson



4. flokkur kvenna

Í 4. flokki kvenna voru um það bil 14 stelpur sem mynduðu þennan flotta hóp. Í vetur náðum við einungis einum æfingaleik áður en við fórum á stefnumótið inná Akureyri. Við tókum einnig þátt í Íslandsmótinu og stelpurnar stóðu sig með þryði þar.



Ísinn á kökuna var hinsvegar þegar stelpurnar fóru suður á Reykup og gerðu lítið fyrir og tóku með sér bikar heim í framsætinu.

-Elmar Örn Guðmundsson

3. flokkur karla

Í 3. flokki karla voru það um það bil 10 strákar sem mynduðu þennan flotta hóp. Í vetur spiluðum við nokkra æfingaleiki við lið héðan af Norðurlandinu og náðum að spila okkur saman. Eftir að við fórum á Stefnumótið inn á Akureyri tókum við þátt í Norðurlandsmóti í vor sem samanstóð af 6 liðum héðan af norðurlandinu. Þessir strákar tóku síðan þátt í Íslandsmóti með 2.flokki í verkefni sem var nokkuð strembið en jákvæðnin þó alltaf til staðar og á endanum skemmtilegt tímabil hjá þeim. Þeir tóku þátt í bikarkeppninni í 3.flokk þar sem sameinað lið allra austfjarðanna komu hingað og eftir framlengdan leik tapaðist sá leikur í hörkuleik og bikardraumarnir horfnir. Toppnum var síðan náð þegar þeir fóru á ReyCup í lok júlí og spiluðum við 6 leiki í frábæru veðri í Laugardalnum. Fyrstu tveir leikirnir voru heldur strembnir gegn sterkum liðum Brighton og Fleetwood Town. Strákarnir enduðu svo á því að vinna Selfyssinga og við tók leikur við Fulham. Enduðum svo mótið á tveimur skemmtilegum leikjum við Þrótt og Grindavík í móti sem gleymist seint enda ekki á hverjum degi sem þeir spila við lið sem taka þátt í Ensku Úrvalsdeildinni. Fróðlegt verður að fylgjast með þessum strákum í framtíðinni enda mjög efnilegir strákar hér á ferð.



-Óskar Páll Davíðsson

3. flokkur kvenna

3.flokkur kvenna samanstóð af flottum hópi efnilegra stúlkna sem einstaklega skemmtilegt hefur verið gaman að fylgjast með seinustu ár. Í vetur spiluðu þær æfingaleiki hér á Húsavík auk þess að taka þátt í stefnumóti inn á Akureyri. Nýjungar voru hjá KSÍ fyrir þetta tímabil hjá 3.flokk sem gerði það að verkum að fyrsti leikur í Íslandsmóti var spilaður hér á Húsavík í byrjun Mars í kulda sem ekki hefur sést áður hér á norðurhvelinu. Hluti af hópnum fór síðan til Spánar í æfingaferð til að hita okkur aðeins enn meira en því miður náðu hitatölurnar varla tveggja stafa tölu en mjög skemmtileg ferð engu að síður. Tímabilið var því einstaklega langt en það spannaði eina 6 mánuði. Fengum þann heiður að ferðast til Vestmanneyja sem var reyndar einstök upplifun fyrir þær enda sumar að koma þangað í fyrsta skipti. Það var gaman á ferðalögunum hjá 3.flokk kvenna og öskursungið í rútunni frá Norðlenska alla leið suður og það hætti ekki fyrir en við keyrðum framhjá Norðlenska aftur í baka leiðinni. Úrslitin voru oft heldur erfið en þrátt fyrir það var alltaf mikil gleði og jákvæðni í hópnum enda ekki við öðru að búast hjá þessum frábæru stelpum.



-Óskar Páll Davíðsson

Þjálfarar

Á myndina vantar Lindu Birgisdóttur og Stein Alexander Einarsson



Barna og unglingaráð knattspyrnudeildar Völsungs óskar öllum okkar iðkendum og aðstandendum þeirra gleðilegra jóla og farsæls fótboltaárs 2023.

F.H. Barna og unglingaráðs,
Valgeir Sigurðsson

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Gleðileg jól
og farsælt
komandi ár.



Þökkum
viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Óskum Húsvíkingum og
Þingeyingum gleðilegra
jóla og farsæls
komandi árs.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Skíðaganga

Síðastliðinn vetur var mjög góður fyrir skíðagöngufólk. Fyrstu brautir voru gerðar upp á Reykjaheiði (Skíðasvæði Norðurþings) í desember og voru skilyrði góð til skíðaiðkunar fram í lok apríl.

Þá er gaman að sjá að það eru alltaf fleiri og fleiri sem nýta sér göngubrautir á Reykjaheiði, bæði heimafólk og gestir. Eftir tveggja ára Covid hlé var Buch - Orkugangan haldin aftur 9. apríl 2022. 65 manns tóku þátt í ár frá öllum landshlutum. Vegna snjóleysis á Þeistareykjum var Buch-Orkugangan haldin bara á skíðasvæðinu okkar í dásamlega góðu veðri. Brautin var gerð í hring. Við áttum öll frábærar stundir saman.

Nú erum við að undirbúa næstu Buch-Orkugöngu 2023 sem haldin verður 8.- 9. apríl 2023.

Allir eru hjartanlega velkomnir, sérstaklega heimafólk á Húsavík, og hvatt til að taka þátt og njóta dagsins.


Buch-Orkugangan er hluti af Íslandsgöngunni sem er í gangi um allt Ísland. Þeir sem vilja sameina skíðagöngu með því að heimsækja aðra staði á Íslandi, og skemmta sér, eru hjartanlega velkomnir að taka þátt í öðrum hlutum Íslandsgöngunnar. Það skiptir ekki máli hversu góður eða hvaða reynslu þú hefur af gönguskiðum – þetta er fyrir alla.

Fylgstu með Facebook síðu okkar, Skíðagöngudeild Völsungs, fyrir allar nýjar upplýsingar og ef þú hefur einhverjar spurningar um skíðagöngu er þér hjartanlega velmið að senda okkur skilaboð og við munum gera okkar besta til að svara.

Daglegar uppfærslur um aðstæður og skíðaspor verða birtar á Facebook-síðu Skíðasvæðis Norðurþings.

Bestu óskir og sjáumst öll á skiðum!

Skíðagöngudeild Völsungs



Tómstunda- og æskulýðsfulltrúi

Húsavík – býður einhver betur ?

Eftir erfiða tíma í íþróttum og tómstundastarfi er boltinn farinn að rúlla að nýju. Ef til vill var það ágætis áminning fyrir okkur að sjá að hið sjálfsagða er ekki svo sjálfsagt eftir allt saman. Eitt af því sem var undir miklum þrýstingi að opna að fullu í samkomutakmörkunum voru sundstaðir og önnur íþróttamannvirki.

Þegar allt var komið í gang að nýju var kjörinn tímunktur að rýna í hvað gekk vel og hvar væri hægt að bæta í og gera betur. Um nokkurra ára skeið hefur verið markmið íþróttafélaga á svæðinu og Norðurbings að stytta daginn hjá yngstu börnunum og ná samfellu í íþróttum og tómstundastarfi. Óhætt er að segja að íþróttafélagið Völsungur hafi verið öflugur þrýstihópur hvað þetta mál varðar og nú er loks hægt að segja að dregið hafi til tíðinda í þeim málum.

Í upphafi síðasta skólaárs var formlega lagt af stað í samstarfsverkefni leikskóla, grunnskóla, frístundar og íþróttafélaga.

Unnið var að verkefni sem ber heitið samþætting íþróttum og tómstundastarfs. Í stuttu máli var grunnmarkmiðið að sauma saman skipulagt íþróttastarf við leikskóla, grunnskóla og frístund. Fleiri markmið voru höfð til hliðsjónar eins og til dæmis:

- Minnka brottfall iðkenda
- Fjölgun iðkenda
- Ná til einstaklinga sem annars eru ólíklegri til að stunda skipulagt íþróttastarf
- Búa til spennandi starfsumhverfi fyrir þjálfara
- Nýta mannauð skóla, leikskóla og frístundar tækifæri til að miðla þekkingu sinni í íþróttum og tómstundastarfi
- Auka samstarf á milli aðila

Í fyrsta kasti var ákveðið að einblína á fimleika, blak og fótbolta sem áherslugreinar í verkefninu.

Elstu tveir árgangar úr leikskólanum mæta 2svar í viku í íþróttahöllina með fylgd úr leikskólanum og fara æfingar fram í anda íþróttaskóla. 1. og 2. bekkur æfa þrisvar í viku, og skipta íþróttagreinarnar dögum á milli sín.

Verkefnið fer gríðarlega vel af stað og fundar stýrihópur vikulega um framgang mála og reynir að leysa þau mál sem upp koma.

Óhætt er að segja að verkefnið gengi ekki upp án samvinnu. Ástæða er til að hrósa sérstaklega starfsfólki skólanna, íþróttamannvirkja, frístunda og þjálfurum fyrir þeirra framlag. Eins og staðan er núna ætla ég að leyfa mér að fullyrða að á Húsavík er eitt fremsta hreyfingarverkefni landsins starfrækt í dag.

Öll 5-8 ára börn á Húsavík stunda þrjár íþróttagreinar 2-3svar í viku. Býður einhver betur ?




Óskum öllum
Völsungum gleðilegra jóla
og farsældar
á nýju ári.

Verstum í heimabyggð!
Áfram Völsungur!





*Óskum Völsungum
nær og fjær gleðilegra
jóla og farsældar
á komandi ári.
Þökkum viðksiptin
á árinu sem
er að líða.*



GEOSEA

Gleðileg jól,
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



HÖFÐAVÉLAR ehf.

Óskum viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Sig Illugason
Málakameistari - Sími: 8942707

Grímur vélsmiðja
óskar öllum Völsungum
nær og fjær
gleðilegra jóla.



Óskum öllum Völsungum til
sjávar og sveita gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



Þökkum samskiptin
á liðnu ári.



Gleðileg jól
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



HÁRIÐJAN
Ella og Veronika

Óskum
viðskiptavinum
okkar gleðilegra jóla
og farsæls komandi árs.
Þökkum viðskiptin á árinu.



Óskum Völsungum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.



SAH BRETTI - Urðargærði 1 - 640 Húsavík
Símar: 464 1020 & 864 1020 - Kt.: 650808-2230

Gleðileg jól
farsælt
komandi ár.
Þökkum
viðskiptin
á árinu sem
er að líða.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á árinu.



Skorum með
þrumuskotum
á nýju ári.



Jólagjöf
veiðimannsins



Sendum þingeyingum bestu þakkir fyrir árið 2022 og
óskum þess að nýtt ár færi okkur gleði og fleiri iðkendur



Gjafakort Landsbankans

Með gjafakortinu er ekkert mál að velja réttu jólagjöfina. Þú ákveður upphæðina og sá sem þiggur velur gjöfina. Þú færð gjafakort í næsta útibúi eða á [landsbankinn.is](https://www.landsbankinn.is).



Íþróttaskóli Völsungs



Íþróttaskólinn hefur að venju, líkt og undanfarin ár, verið á laugardagsmorgnum í vetur. Tímarnir hafa verið vel sóttir af iðkendum og foreldrum þeirra, en iðkendur eru á aldrinum tveggja til fimm ára. Iðkenda fjöldi undanfarin ár hefur verið á bilinu 50-70 börn á önn. Börnum er skipt upp eftir aldri og hafa tímarnir verið þrír nú í haust. Meginmarkmið íþróttaskólans hefur verið að auka hreyfifærni, jafnvægi, samhæfingu, styrk og úthald hjá börnunum sem og að kynna fyrir þeim hinar ýmsu æfingar og íþróttagreinar. Þar má helst nefna æfingar með bolta, grjónapúða, blöðrur sem og ýmsar fimleikaæfingar og leiki. Prautabrautin er ávallt vinsælust hjá krökkunum og eru trampólínin helsta aðdráttaraflíð.

Okkur er það mikilvægt að börnin upplifi spennu og gleði við að koma í íþróttaskólann. Nauðsynlegt er að þau læri að vera á íþróttæfingum, fylgja fyrirmælum, prófa sig áfram og upplifa stoltið og gleðina í því að yfirstíga áður óyfirstíganlegar hindranir eins og t.d. jafnvægislána eða rimlaklifur. Það er okkar von að þau taki þann grunn með sér í áframhaldandi íþróttaiðkun í grunnskóla og á fullorðinsárum. Við erum því mjög ánægð með iðkenda fjölda og samvinnu við foreldra og forráðamenn á undanförunum árum og hlökkum til að sjá ykkur í höllinni á laugardagsmorgnum eftir áramót.

Í byrjun desember fengum við forseta Íslands, hr. Guðna Th. Jóhannesson í heimsókn til okkar. Guðni tók þátt í æfingum með okkur, aðstoðaði við kennslu og gaf sig á spjall við iðkendur og foreldra þeirra. Mikil ánægja var með heimsókn forseta og við þökkum honum kærlega fyrir komuna!

Við óskum öllum Völsungum, ungum sem öldnum, gleðilegra jóla og þökkum fyrir árið sem er að líða.

Jólakveðja úr íþróttaskólanum,
Ísak Már og Selmdís.

Óskum öllum Völsungum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.



Óskum Húsvíkingum og Þingeyingum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs. Þökkum viðskiptin á árinu.



Garðarshólmi
∞ 1961 ∞



Óskum Húsvíkingum og nærsveitungum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á liðnu ári.

FISKELDID
HAUKAMÝRI



VIÐ ÓSKUM VÖLSUNGUM, ÍBÚUM
NORÐURÞINGS OG LANDSMÖNNUM
ÖLLUM

Gleðileggra jóna

OG FARSÆLDAR Á KOMANDI ÁRI.
VIÐ ÞÖKKUM FYRIR LIÐIÐ ÁR OG
HLÖKKUM TIL SAMSTARFS Á
KOMANDI ÁRI.

pcc
Bakki Silicon®



Hlaupahópurinn Skokki 2021

Hlaupahópurinn Skokki átti ágætis ár enda þótt samæfingar hafi af ýmsum ástæðum verið fámennari en oft áður. Að vanda var stundum farið í keppnisgallann og mátti finna meðlimi Skokka í Súlum Vertical á Akureyri, Jökulsárhlaupinu, Dyrfjallhlaupinu á Borgarfirði Eystri, Fjögurra skóga hlaupinu í Fnjóskadal, Þorvaldsdalsskokkinu og Reykjavíkumaraþoni. Að auki var hlaupahópurinn með fimm manna lið í vetrarmótaröð UFA og Eyrarskokks sem innihélt fimm hlaup á tímabilinu október-mars.

Einn hlaupaviðburður hefur verið haldinn á vegum Skokka frá útgáfu síðasta Jólblaðs en það var Gamlárshlaupið sem annað árið í röð þurfti að vera háð takmörkunum Covid 19. Notast var við smáforritið Strava sem mældi tíma þátttakenda og staðfestingu á hlaupaleið. Nokkurra daga gluggi var gefinn til að hlaupa hinn klassíska 5 km hring en sökum óhagstæðs tíðafars og færðar var þátttaka mun minni en árinu áður.

Í nokkur skipti á árinu var breytt til, farið út fyrir bæjarmörkin á æfingar eða hlaupið á óvenjulegum tímum. Þannig var til að mynda hlaupið umhverfis Mývatn á föstudaginn langa, í Útkinn á blíðviðrisdegi í nóvember og ekki má gleyma Botnsvatnshring í nyðamyrkri að kvöldi Hrekkjavöku. Svona uppbrot lifir ávallt vel í minningunni og bætir virkilega á þá gefandi afþreyingu að vera partur af hlaupahóp. Þær leiðir utan malbiks sem hægt er að fara í nágrenni Húsavíkur eru nánast óteljandi, sér í lagi á sumrin og haustin. Ágætis stígakerfi er hægt að finna býsna víða og að auki hefur nýr Þeistareykjavegur opnað aukna nálægð við fjalllendið ofan bæjarins. Það er von Skokka að fleiri munu í framtíðinni kjósa útihlaup sem hreyfingu en þessi íþróttagrein hentar einnig afar vel í bland með hverskyns öðrum íþróttagreinum. Að vanda eru öll velkomin á æfingar með Hlaupahópnum Skokka sem fara allajafna fram frá Sundlaug Húsavíkur á þriðjudögum kl. 17:30 og laugardögum kl. 10. Hægt er að senda skilaboð á Facebook síðu hlaupahópsins fyrir frekari upplýsingar.

Hlaupahópurinn Skokki óskar að lokum öllum Völsungum nær og fjær gleðilegrar hátíðar.



KOMA SVO GRÆNIR

DETTA ER EKKI BÚID!

Græn skref í átt að betri framtíð
WWW.NORTHSAILING.IS

NORÐURSIGLING
SÍÐAN 1995



Gleðileg jól



og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Óskum viðskiptavinum okkar
og Þingeyingum öllum gleðilegra jóla
og gæfuríkt nýtt ár.
Þökkum viðskiptin á liðnum árum.

*Kær kveðja,
Starfsfólk Bílaleigunnar*



b **Bílaleiga Húsavíkur**
Garðarsbraut 66 • Húsavík
Símar 464 2500 & 892 3436

Óskum Húsvíkingum
og nærsveitungum
gleðilegra jóla og
farsæls komandi árs.



STEINSTEYPIR

STEYPA - JARÐVINNA - KJARNABORANIR - MÚRBROT

Blak

Blakdeild Völsungs býður upp á blakæfingar fyrir grunnskólaaldur (1.-10. bekk), starfrækir meistaraflokk kvenna og karla ásamt því að bjóða upp á almenningsblak fyrir fullorðna. Í heildina eru iðkendur um 70 talsins.

Í vor kvöddum við Tomi og Tami sem höfðu þjálfað og spilað með Völsungi undanfarin tvö ár. Þau ákváðu að söðla um og flytja til Hveragerðis þar sem Tomi þjálfar og æfir með úrvalsdeildarliði Hamars en þau hjónin eiga einnig von á sínu fyrsta barni á nýju ári. Blakdeild Völsungs þakkar þeim kærlega fyrir vel unnin störf og góðar stundir innan sem utan vallar þau tvö ár sem þau dvöldu á Húsavík.

Í haust tók því við nýr þjálfari, Tihomir Paunovski en hann þjálfar meistaraflokka félagsins sem og hluta af yngri flokkum. Tihomir kemur frá Norður Makedoníu og er með meistaragráður í íþróttáfræðum frá háskóla í Skopje í heimalandinu. Hann á að baki langan atvinnumannaferil í Evrópu og einnig hefur hann víðtæka þjálfarareynslu, bæði með félagsliðum, landsliði Makedoníu og hefur verið í þjálfarateymi íslensku landsliðanna.

Tihomir hefur starfað sem þjálfari á Íslandi síðastliðin 5 ár - hjá Vestra á Ísafirði og HK í Kópavogi.

Auk hans eru þrír þjálfarar sem eru einnig leikmenn meistaraflokks kvenna, þær Ana Rita Branco (Portúgal), Shelby Pullins og Nikkia Benites (USA).

Meistaraflokkar

Vertíðin hófst hjá meistaraflokkum í ágúst þegar fram fóru Afreksbúðir Blaksambands Íslands á höfuðborgarsvæðinu þar sem þjálfarar félagsliða um allt land tilnefndu sína lykilleikmenn sem æfðu undir stjórn unglíngalandsliðs-þjálfaranna.

Völsungar voru fjölmennir í búðunum en eftirtaldir leikmenn voru valdir:

Konur: Heiðdís Edda Lúðvíksdóttir, Kristey Marín Hallsdóttir, Sigrún Anna Bjarnadóttir og Sigrún Marta Jónsdóttir.

Karlar: Aron Bjarki Kristjánsson, Hörður Mar Jónsson, Hreinn Kári Ólafsson, Jóhann Karl Sigfússon, Jón Andri Hnikarsson og Sigurður Helgi Brynjúlfsson.

Kvennalið Völsungs keppti í úrvalsdeildinni síðastliðinn vetur eftir þó nokkurt hlé og endaði í næst neðsta sæti með afar ungt en ákaflega efnilegt lið. Það voru þó tveir erlendir leikmenn með sem þéttu liðið og studdu við bakið á stelpunum.

Í haust var brugðið á það ráð að fá þrjá erlenda leikmenn þar sem nokkrir leikmenn heltust úr lestinni og hópurinn því orðinn fámennur. Skemmt er frá því að segja að liðið hefur farið virkilega vel af stað í haust og er sem stendur í 3. sæti deildarinnar. Leiknir hafa verið 2 heimaleikir og áhorfendur hafa fjölmennt í höllina og verið sem 7. liðsmaðurinn á vellinum.

Meistaraflokkur karla spilaði í 1. deild síðastliðinn vetur og hafnaði einnig í næst neðsta sæti í vor. Karlaliðið var með Tamas Kaposi sem spilandi þjálfara, en einnig þjálfaði hann kvennaliðið. Strákarnir voru með sameinað lið Völsungs og Eflingar en eins og hjá stelpunum, þá var þeirra lið byggt upp af ungum en efnilegum leikmönnum. Tekin var ákvörðun um að Mfl karla myndi spila nú í vetur í 2. deild en einnig á Íslandsmóti í U20 deildinni, en sú deild var stofnuð nú í haust þar sem mikið er af ungum strákum á uppleið á Íslandi.

Þrátt fyrir að meistaraflokkarnir okkar hafi ekki náð vinningssetum síðastliðinn vetur, þá var eftir því tekið hve efnilegir og duglegir ungu leikmennirnir okkar eru.

Þau fengu því mörg hver boð á landsliðsæfingar og hafa spilað með yngri landsliðum og einnig með A landsliði kvenna. Í vor voru fjórar stúlkur valdar til að mæta á U-21 og A-landsliðsæfingar sem fram fóru hér á Húsavík. Það voru þær Agnes Björk, Heiðdís Edda, Kristey Marín og Sigrún Marta. Heiðdís Edda og Sigrún Marta voru í framhaldinu valdar til keppni í Evrópukeppni smáþjóða með liði U-21 sem fram fór í Mosfellsbæ. Kristey Marín var svo valin til að fara með U-21 árs liðinu til Svartfjallalands. Heiðdís Edda hlaut líka þann heiður að spila A-landsliðsleik í Laugardalshöllinni gegn Tékklandi.

Í haust var einnig nóg að gera í landsliðsverkefnum og fóru hvorki meira né minna en 8 krakkar með U-17 landsliðum til Íkast í Danmörku.

Stelpurnar enduðu í 3. sæti og fengu bronsverðlaun og strákarnir komu heim reynslunni ríkari og liðið bætt sig heilmikið. Heiðdís Edda og Sigrún Marta voru svo einnig valdar til að keppa með U-19 landsliðinu í Rovaniemi í Finnlandi viku



síðar. Allt er þetta svo hinn mesti fjársjóður í reynslubankann hjá þessum hæfileikaríku krökkum og sýnir þetta okkur hve efnilega blakara við eigum hér á Húsavík og verða þessir einstaklingar án efa öðrum til hvatningar.

Yngri flokkar

Starfið fór rólega af stað í byrjun árs 2022 vegna Covid-19 en þrátt fyrir talsverð forföll vegna veikinda, sendi blakdeildin tvö lið á Bikarmót BLÍ á Akureyri í febrúar. Annars vegar stelpnalið í undir 16 ára flokki og strákalíð í undir 14 ára flokki.

Bæði lið stóðu sig með mikilli þrýði en í báðum liðum voru leikmenn að spila upp fyrir sig í aldri og sum þeirra að spila í fyrsta sinn 6 manna blak.

Íslandsmót á Ísafirði - U12

Völsungar áttu 10 fulltrúa á Íslandsmóti BLÍ í aldursflokknum U12 sem fram fór á Ísafirði helgina 7.-8. maí.

10 lið tóku þátt í mótinu í þessum aldursflokki og áttum við þar 1 stúlknalið og 1 drengjalið. Fyrri hluti Íslandsmótsins fór fram síðastliðið haust í Mosfellsbæ og sigraði drengjaliðið það mót og áttu þeir þar með möguleika á Íslandsmeistaratitli með sigri á þessu móti.

Óhætt er að segja að krakkarnir hafi staðið sig með þrýði innan vallar sem utan og verið félaginu sínu til sóma! Krakkarnir sýndu framfarir með hverjum spiluðum leik og sást sjálfstraustið eflast jafnt og þétt yfir helgina.

Stúlkurnar unnu nokkra leiki, töpuðu nokkrum og stóðu sig ljómandi vel.

Drengirnir unnu alla sína leiki og hömпуðu Íslandsmeistaratitli og voru virkilega vel að þeim titli komnir. Það var eftirtektarvert hve framkoma og umgengni krakkana var góð og var þeim hrósað sérstaklega fyrir það.

Íslandsmót í Neskaupstað - U14 og U16

Helgina 13.-15. maí fór fram Íslandsmót BLÍ hjá yngri flokkum í aldursflokkum U14 og U16 í Neskaupstað.

Völsungur sendi 20 krakka á aldrinum 11-16 ára sem kepptu í 3 flokkum: U14 stúlkur, U14 drengir og U16 stúlkur. Einnig voru 2 fulltrúar frá okkur í sameinuðu liði KA/Völsungs/BF í flokki U16 drengja og er gaman að segja frá því að samstarf sem þetta hefur gengið ótrúlega vel og hefur orðið til þess að auka vinsemd og virðingu milli þessara liða sem er afar jákvætt og þroskandi fyrir alla aðila.

Mótið var vel skipulagt og umgjörð öll hin besta, gist var í Nesskóla við hliðina á íþróttahúsinu. Dagskráin var nokkuð stíf hjá krökkunum sem spiluðu 5-7 leiki yfir helgina.

Í báðum U14 liðum Völsungs eru mjög ungir krakkar sem eru að keppa upp fyrir sig og spila við 2-3 árum eldri krakka sum hver. Þau stóðu sig með mikilli þrýði og þrátt fyrir að tapaðir leikir hafi verið fleiri en unnir, mátti sjá frábæra spilamennsku hjá þeim sem óx með hverjum spiluðum leik. Þessir frábæru krakkar eiga að öllum líkindum eftir að landa mörgum sigrum á næstu misserum í sínum flokkum.

U16 stúlkurnar áttu einnig gott mót og voru til fyrirmyndar innan vallar sem utan, töpuðu 3 leikjum en unnu 2.

Íslandsmót og haustmót BLÍ 2022

Haustönnin hófst með æfingum í september og í 25. október var Blaksamband Íslands með Skólابلak í íþróttahúsinu en það eru blakviðburðir fyrir grunnskóla krakka í 4.-6. bekk um allt land.

Skólابلak

Ekki var langt að biðja fyrsta móts hjá krökkunum en í lok október fór fram Íslandsmót og haustmót BLÍ fyrir yngri flokka í blaki að Varmá í Mosfellsbæ.





Völsungur sendi þangað 27 fulltrúa sem kepptu í aldursflokkum U16 stúlkur, U14 drengir og tvö U12 stúlknaðið. Auk þess átti Völsungur 3 drengi í sameiginlegu liði KA/Völsungs í flokki U16 drengja.

Mótið var glæsilegt í alla staði þar sem um 450 krakkar komu saman alls staðar að af landinu og á Blakdeild Aftureldingar skilið hrós fyrir.

Síðari hluti Íslandsmóts fyrir U14 og U16 verður haldinn í vor.

Krakkarnir stóðu sig öll með mikilli þrýði og skemmtu sér vel og var ljúft að sjá alla þessara blakara samankomna án þess að Covid-draugurinn væri svo mikið sem nefndur á nafn!

Almenningsblak

Hjá deildinni er boðið upp á blak fyrir fullorðna og er það þessi ríka blakhefð í bænum sem heldur því starfi gangandi. Hið rötgróna Nýársmót Völsungs verður haldið 6.-7. janúar nk. á Húsavík og Laugum og standa vonir til að milli 40-50 lið sækji mótið.

Í vor mun Blakdeild Völsungs ásamt KA á Akureyri verða mótshaldarar Öldungamóts BLÍ 2023 á Akureyri. Öldungamótið er einn stærsti íþróttaviðburður landsins í almenningsíþróttum.

Síðast hélt KA mótið árið 2018 og var þá spilað á 15 völlum en síðast þegar Völsungur hélt mótið seint á síðustu öld var spilað á þremur völlum þannig að umfang mótsins er orðið gríðarlegt.

Þetta eru mjög svo jákvæðar fréttir fyrir okkur Völsunga því gríðarlegur fjöldi iðkenda sækir þessi mót ár hvert og kemur til með styrkja starf blakdeildarinnar töluvert.



Af þessari samantekt má sjá að starf deildarinnar er gríðar umfangsmikið og væri þetta starf ómögulegt án fjölmargra styrktarðila sem og sjálfbodaliða og færum við þeim hér með bestu þakkir fyrir.

Fram á vor eru þó nokkur mót og heimaleikir hjá meistaraflokkum á dagskrá og verður spennandi að fylgjast með framförum hjá þessum duglegu blökurum.

Á facebook síðunni @Blakdeild Völsungs birtast ýmsar fréttir af starfinu og hvetjum við auðvitað alla til að smella einu „like“ á síðuna okkar.

Blakdeild Völsungs óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



Hjól

Hjóladeild Völsungs ætlar hér að stikla á stóru og fara yfir starf deildarinnar fyrir árið 2022

Þetta ár var ekki heppilegt veðurfarslega og hafði það talsverð áhrif á framkvæmdir sem áttu að verða árið 2022, minna varð úr framkvæmdum en var upphaflega ákveðið en við unnum aðallega í viðhaldi á brautinni og reyndum að breyta og bæta svæðið, eitt af því sem kemur með reynslu er að sjá út hvað má bæta og hefur hópurinn unnið að því að lagfæra kafla í brautinni og gera þá betri. Sem fyrr voru það Höfðavélar sem unnu mikið að þessu með okkur og þökkum við þeim kærlega fyrir frábært samstarf í gegnum tíðina.

Árið 2021 fengum við leyfi hjá sveitarfélaginu Norðurþingi að gera tengistíg frá Botnsvatni upp að bílastæði við Meyjarskarð, var þessi tengistígur ætlaður til þess að færa umferð frá Þjóðveginum og auka öryggi þeirra sem nýta sér þetta svæði.

Tengistígurinn er staðsettur innar lega við Botnsvatn, í gegnum skógræktina og liggur eftir brekkunni upp að bílastæði, hann var hafður breiður svo öll umferð gangandi og hjólandi vegfarenda kæmist fyrir og allir geti notið þess að fara um hann. Vinnuvélar Eyþórs unnu þetta verk með okkur og eiga þeir miklar þakkir skilið fyrir frábært verk

Þó veðrið hafi ekki verið gott til útiverka þá var tíminn engu að síður vel nýttur, meðlimir félagsins hafa lengi haft þann draum að útbúa gott svæði fyrir börn og unglinga sem þau geta nýtt sér til æfinga og skemmtunar. Fórum við því í viðræður við Norðurþing um að gera æfingasvæði, eða það sem á ensku er kallað bikepark.

Eftir viðræður var ákveðið að úthluta Stallasvæðinu undir þetta verkefni og fengum við einnig góðan styrk frá sveitarfélaginu til þess að byggja svæðið upp, það er frábært að finna að vel sé tekið í okkar hugmyndir og okkur treyst fyrir því að vinna að þessari uppbyggingu og viljum við þakka Norðurþingi sérstaklega fyrir mjög uppbyggilegt og ánægjulegt samstarf og hlökkum við til að vinna að frekari hugmyndum með þessu góða fólki.

Samstarfið er ekki bara innan Norðurþings heldur teygir það sig einnig inn í Eyjafjörð, Meðlimir félagsins hafa unnið með hjólreiðafélag Akureyrar að nokkrum verkefnum og á þessu ári aðstoðuðum við þau í að skipuleggja götuhjólamót, hjólað var í Þingeyjarsýslu, frá Mývatni, í gegnum Reykjahverfi og Aðaldal. Almennt er mikil ánægja meðal götuhjólafólks með þetta svæði okkar og er almennt talin mikil perla til útivistar. Það mun eflaust vera vöxtur í öllum greinum hjólreiða á næstu árum og ásókn mun aukast í að halda hér allskonar keppnir tengdar hjólreiðum.

2023 verður fullt af verkefnum og við hlökkum til að takast á við það, reiknum með að fyrsti fasi á æfingasvæðinu verði kominn í gagn við um mitt sumar og við hlökkum til að halda áfram að byggja upp þetta frábæra sport.



Stjórn hjólreiðadeildar Völsungs
Aðalgeir Sævar Óskarsson
Guðmundur Helgi Jóhannesson
Guðni Már Kjartansson
Gunnólfur Sveinsson
Jón Ingólfsson



Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum
gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.
Bestu þakkir fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.



Trésmiðjan Rein ehf

Norðurþing

óskar íbúum sveitarfélagsins
og landsmönnum
öllum gleðilegra jóla
og farsældar á
komandi ári

Þökkum samskiptin
á liðnu ári



Taekwondo

Taekwondo er kóresk bardaga- og sjálfsvarnaríþrótt. Hún er þróuð frá gamalli hernaðarlist Kóreumanna og byggist fyrst og fremst á sjálfsvörn þar sem fæturnir spila aðalhlutverk. Það er sérstaklega ánægjulegt að segja frá því að það hefur fjölgað hjá okkur í yngri hópnunum sem er gríðarlega jákvætt fyrir starfsemi deildarinnar. Æfingar hafa gengið mjög vel á árinu sem er að líða og núna strax í janúar á nýju ári mun fara fram beltapróf þar sem Völsungur mun eiga fjöldann allann af iðkendum.

Það er gaman að segja frá því að það eru fleiri en bara Húsvíkingar sem æfa hjá okkur. Sóley Spandau kemur á allar æfingar frá Kópaskeri og hefur mikinn metnað fyrir íþróttinni, hún hefur tekið miklum framförum og er hún mikil fyrirmynd fyrir aðra iðkendur innan deildarinnar. Vonandi mun hún byrja að keppa undir merkjum Völsungs í Taekwondo á næsta ári.

Nú á haustdögum keyptum við nýjan æfingabúnað fyrir deildina. Það var gert í samstarfi við Framsýn og Gentle Giant og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn. Það var kominn tími á að endurnýja æfingadótið okkar og frábært að Framsýn og Gentle Giants hafi gert okkur það kleift.

Að lokum vill ég þakka öllum iðkendum og foreldrum fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og um leið að óska öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Áfram Völsungur!
Marcin Florczyk*






* Jólakveðja *

Stjórnir og starfsmenn stéttarfélaganna í
Þingeyjarsýslum óska félagsmönnum sínum og
fjölskyldum þeirra, öðrum Þingeyingum og
landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.

Framsýn-stéttarfélag
Starfsmannafélag Húsavíkur
Þingið
Hrunabúð SF



ÓSKUM
VÖLSUNGUM
OG LANDSMÖNNUM
ÖLLUM
GLEÐILEGRA JÓLA
OG FARSÆLDAR
Á NÝJU ÁRI.

Gleðileg jól
farsælt komandi ár

Þökkum viðskiptin
á liðnum árum
ÁFRAM VÖLSUNGUR!



VÍKURRAF EHF

hérna
HÚSAVÍK






Gleðileg jól
og farsælt komandi ár



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is



**Gjöf sem hittir
alltaf í mark**

Fimleikar

Jólakveðja frá fimleikadeildinni

Í vor höldum við í annað skiptið glæsilega páskasýningu í samstarfi við Tónlistarskólann. Þemað í þetta skiptið var Eurovision og dönsuðu börnin og léku listir sínar við lög, bæði úr keppninni og Eurovisionmyndinni. Krakkar úr Tónlistarskólanum spiluðu lög á milli fimleikatriða, Örlýgur Hnefill var kynnrir og að lokum kom Eurovision kórinn og söng Husavík my hometown með öðrum þátttakendum úr sýningunni. Frítt var á sýninguna en sjoppa var á staðnum og fór ágóðinn í tækjasjóð fimleikadeildarinnar.

Síðasta fimleikavetri slúttuðum við með foreldraæfingu og grillveislu þar sem allir skemmtu sér konunglega, bæði foreldrar og börn. Enginn slasaðist á æfingunni þrátt fyrir langa pásu foreldrana frá fimleikaiðkun en eitthvað heyrðist af strengjum hér og þar næstu daga. Þess má geta að þjálfararnir voru opnir fyrir því að þjálfra fullorðinsfimleika ef eftirsókn væri eftir slíku.


Með samþættingu skóla- og frístundastarfs sem hófst nú í haust tók starf fimleikadeildarinnar auk annarra deilda miklum breytingum. Í fyrsta skiptið taka öll börn frá fjögurra til sjö ára þátt í fimleikaæfingum einu sinni í viku. Við þetta fjölgaði börnum í deildinni úr um það bil 40 í 128. Æfingarnar fyrir þennan aldurshóp eru búnaðar fyrir klukkan 16:00 og eru samvinna Völsungs, frístundar og Grænuvalla. Þessar æfingar hafa gengið framur vonum og eru börnin almennt mjög áhugasöm. Það verður spennandi að sjá hvert þetta samstarf leiðir okkur á næstu árum. Með auknum iðkendafjölda er ljóst að við þurfum betri aðstöðu til fimleikaiðkunar. Eins og aðstaðan er hjá okkur í dag sjáum við okkur ekki fært að senda börnin í keppnir, bæði vegna ófullnægjandi aðstöðu hér og skorts á þjálfunartímum vegna þrengsla í stundatöflunni. Þess í stað höldum við páskasýningu sem öllum iðkendum er velkominn að taka þátt í auk þess sem eldri börnin hafa farið í æfingaferð til Egilsstaða þar sem öll aðstaða er til fyrirmyndar. Þar sem börnin hafa ekki verið að keppa höfum við ekki þurft að fjárafla mikið en það gerum við þó tvisvar á ári, með páskasýningunni og jólamarkaði á adventunni þar sem við höfum selt heita drykki og ýmisskonar kruðurí. Markmiðið með þessum fjárflygnum er að safna fyrir nýrri og betri fimleikabúnaði og draumurinn er að sjálfsögðu að fá fullnægjandi aðstöðu þar sem búnaðurinn getur fengið að standa í friði eins og honum er ætlað. Þegar það gerist getum við vonandi farið að huga að keppnum á ný.

Völsungur er í samstarfi við íþróttamerkið Puma en þar sem ekki eru framleiddir fimleikabólir hjá þeim létum við hanna og sauma nýja fimleikaboli sem iðkendum stóð til boða að kaupa. Þeir komu vel út og hyggjumst við endurtaka leikinn eftir áramót.

Aga Kalemba og Sara Kristín héldu áfram að þjálfra í vetur, Aga framhaldshópin og Sara leikskólahópina og framhaldshópin. Íolanda eignaðist lítinn dreng í sumar og er því í fæðingarorlofi frá fimleikunum í bili. Í hennar stað komu Karen B. Elsudóttir um sinn og þjálfaði framhaldshópin einu sinni í viku, Natasha Damen sjúkráþjálfari þjálfar eldri leikskólabörnin, 1.,2. bekk og framhaldshópin. Iris Waitz iðjuþjálfari aðstoðar hana auk þess að þjálfra yngri leikskólahópin. Í desember bættist Magdalena Orlinska í þjálfarahópin en hún mun leysa Ögu af þar til í vor og eftir áramót mun Selmdís taka við af Irisi og þjálfra með Natöshu. Auk þjálfaranna eru stelpur í framhaldshópnum og stelpur í vali í grunnskólanum duglegar að aðstoða á æfingum hjá yngri krökkunum. Við erum afar lukkuleg með þennan flotta þjálfarahóp okkar og vonum að við höldum í þær sem lengst.

*Með jóla- og nýárskveðjum fyrir hönd fimleikadeildar Völsungs,
Unnur Ösp Guðmundsdóttir*





Hóll ehf
Höfða 11 - 640 Húsavík
Sími/Fax: 464 2200
e-Mail: holleh@holleh.is
Kt. 620788-1559 - Vsk.nr. 01161
VINNUVÉLAR • VERKTAKAR

Gleðileg jó!
og farsælt komandi ár
Megi framtíðin vera björt.
Þökkum liðnu árin.



Gleðileg jó!
og farsælt komandi
ár. Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



SJÓVÁ

Heimabakarí óskar
Völsungum
sem og öðrum
Þingeyingum
gleðilegra jóla

Þökkum viðskiptin
á liðnu ári!



Óskum viðskiptavinum okkar
og öðrum Þingeyingum
Gleðilegra jóla og farsældar
á nýju ári.
Þökkum viðskiptin
á árinu sem er að líða



Sögubrot af Völsungi

Fimleikadeild Völsungi var stofnuð 1987

Sögubrot frá Sögunefnd.

Fimleikadeildin hefur verið starfandi frá haustinu 1987 og stóð Guðrún Kristinsdóttir íþóttakennari fyrir stofnun hennar. Guðrún byrjaði með því að efna til námskeiða í litla salnum í byrjun ársins í Barnaskólanum. Strax verður mjög góð aðsókn og áhugi svo mikill að ákveðið var að stofna deild.

Um haustið æfðu yfir 100 iðkendur á aldrinum 5-14 ára ára, tvisvar í viku. Aðstaðan var góð, nýtt hús, ný áhöld. Nánast allir iðkendur voru stúlkur og áhöld og tæki tóku mið af því. Samstarf var við fimleikafólk á Akureyri og Reykjavík við uppbyggingu deildarinnar.

Fyrsta fimleikasýningin var vorið 1988 í Íþróttahöllinni. Fimleikasýningar hafa síðan verið fastur liður hjá deildinni. Fyrsta innanfélagsmótið var haldið í mars 1989. Þá keppti deildin í fyrsta skiptið á Landsmóti U.M.F.Í. Í Mosfellsbæ árið 1990. Fjölmennur hópur fór á mótið.

Deildin tók þátt í Skrufumóti Fimleikasambandsins 1993, þar sem yfir 200 þátttakendur mættu frá fjölmörgum félögum. Fjórar stúlkur kepptu og sigraði einn keppandi frá Völsungi, Heiður Vigfúsdóttir í stökki á mótinu. Þátttaka í þessu móti varð síðan fastur liður í starfi deildarinnar í nokkur ár.

Leiðtogi fimleikamanna hefur verið frá upphafi Guðrún Kristinsdóttir og er enn í dag á hliðarlínunni. Framan af var Hrefna Regína Gunnarsdóttir þjálfari með Guðrúnu.

Starfsárið 1992-93 ákvað fimleikadeildin að bjóða leikskólabörnum upp á tíma í fimleikum einu sinni í viku til reynslu. Mikill áhugi reyndist fyrir þessu frumkvæði fimleikadeildar og var ákveðið í framhaldinu að bjóða upp á íþróttaskóla á laugardögum frá haustinu 1993. Má því segja að íþróttaskólinn hafi starfað óslitið frá haustinu 1993 til dagsins í dag þó svo að sniðið á honum hafi breyst í gegnum tíðina. Þannig að starf skólans er því að nálgast 30 árin.

Iðkendur fimleika hafa nánast eingöngu verið stúlkur í gegnum tíðina þó hafa nokkrir strákar lagt stund á fimleika í nokkur ár. Í dag eru iðkendur um 30-40 og þjálfarar fjórir auk þess sem ungar stúlkur eru til aðstoðar.





Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



FAGLAUSN



**VIÐ ÓSKUM VÖLSUNGUM
ÖLLUM GLEÐILEGRA JÓLA
OG FARSÆLDAR Á NÝJU ÁRI.**



Íslandspari
ICELANDIC KELP



Óskum starfsfólki okkar,
fjölskyldum og Þingeyingum öllum



gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Þökkum árið sem er að líða.



GPG
SEAFOOD

Meistaraflokkar í knattspyrnu

Á síðasta tímabili tóku stelpurnar í meistaraflokki kvenna þátt í lengjubikarnum, mjólkurbikarnum og íslandsmótinu í 2. deild.

Lengjubikarinn fer fram á undirbúnings tímabilinu og lentu þær í öðru sæti í sínum riðli með 10 stig eftir 5 leiki, þrjár sigrar, eitt jafntefli og eitt tap. Þær komust í úrslitaleikinn þar sem þær spiluðu við ÍA á Sauðárkróksvelli þar sem þær töpuðu 3-2.

Stelpurnarspiluduðtvoleið í Mjólkurbikarnum, unnu Einherja 4-0 á heimavelli, fengu síðan leik á móti Fjarðabyggð/Hetti/Leikni þar sem við töpuðum 4-0 á útivelli.

Á Íslandsmótinu var spilað einföld umferð og eftir það skiptist deildin í tvennt og sex efstu liðin spiluðu innbyrðis. Stelpurnar voru í 2. sæti eftir eina umferð og voru því í keppni um að komast upp. Eftir harða baráttu enduðu stelpurnar í 3. sæti einu stigi frá því að komast upp um deild.

Leikmannahópurinn var mjög skemmtilegur hjá okkur í sumar. Fengum við nokkra leikmenn frá Þór/KA að láni. Ísabella Júlía Óskarsdóttir markmaður kom og hjálpaði okkur á undirbúningstímabilinu, Amalía Árnadóttir kom og spilaði nokkra leiki með okkur. Sonja Björg Sigurðardóttir og Una Móeiður Hlynsdóttir komu og voru hjá okkur í allt sumar, þetta eru gríðarlega efnilegar stelpur og urðu þær algjörir lykilleikmenn fyrir okkur. Sonja var markahæst hjá okkur í sumar með 10 mörk. Sarah Elnicky kom aftur, hún var að þjálfa yngri flokka og spilaði einnig alla leiki. Brooklyn Nielsen markmaður kom frá Bandaríkjunum og reyndist okkur mjög vel. Allyson Patterson kom einnig frá Bandaríkjunum og stóð sig gríðarlega vel. Svo voru einnig yngri Völsungsstúlkur sem fengu að spreyta sig með meistaraflokki.

Fyrir þetta tímabil var gerður tveggja ára samningur við Aðalstein Jóhann Friðriksson, hann tók við liðinu árið 2020, hann hefur verið að gera góða hluti, við erum búnar að vera hársbreidd frá því að komast upp tvö tímabil í röð.

Á lokahófi meistaraflokkanna var Harpa Ásgeirsdóttir valin Völsungur ársins, Árdís Rún Þráinsdóttir best og Una Móeiður Hlynsdóttir efnilegust.

Núna erum við farin af stað að skoða leikmannamál og byrjuð að undirbúa fyrir næsta fótboltaár. Við eigum frábærar fótboltastelpur á Húsavík bæði í meistaraflokknum og yngri flokkum sem halda þessu á lofti fyrir okkur.

Ég vil enda þetta á að þakka öllum þeim sem styrktu liðið á einhvern hátt í sumar, þið haldið okkur uppi, það er alveg klárt að þetta væri ekki hægt án ykkar.

Meistaraflokkur og meistaraflokksráð kvenna óskar öllum gleðilegra jóla og vonum að fótboltasumarið 2023 verði ennþá betra en það síðasta.

Fyrir hönd Meistaraflokksráð kvenna
Bergdís Björk Jóhannsdóttir



EINHERJI x VÖLSUNGUR



VOPNAFJARÐARVÖLLUR

28.07 x 18:00

Jólapistill meistaraflokks karla

Árið 2022 var hið finasta hjá okkur í meistaraflokki og 2.fl karla. Jóhann Kristinn Gunnarsson tók aftur við þjálfun liðsins í janúar en Jónas Halldór Friðriksson hafði stýrt ungu liði okkar í Kjarnafæðismótinu með prýði. Við misstum út sterka pósta frá árinu áður en Sæþór Olgeirsson þurfti að leggja skónna margfrægu á hilluna, í bili, vegna meiðsla. Stórt skarð til að fylla í. Lengjubikarinn gekk ágætlega og unnum við okkar riðil þar og mættum Njarðvík suður með sjó í undanúrslitum. Þar töpuðum við 1-0 í hörkuleik.

Við fengum frá Akranesi markvörð, Aron Bjarka Kristjánsson, sem kom vel inn í okkar hóp. Við héldum okkar erlendu leikmönnum frá sumrinu 2021, okkar frábæru Adolf Bitegeko, Santiago Feuillassier og Jaime Aguetas. Til að fylla skarð Sæþórs fengum við hinn spænska Mikel Abando Arana, sem því miður náði aldrei frammistöðu í líkingu við Sæþórs. Árni Björn Eiríksson kom til Völsungs en hann á ættir að rekja hingað og bjó á Húsavík í sumar. Áki Sölvason kom á láni frá KA þegar 1.umferð var nýlokið og sló í gegn, en einnig fengum við Völsunginn Hrannar Björn Steingrímsson á láni ásamt því að Baldur Sigurðsson ákvað að slá til og spila með okkur í sumar. Gríðarlega mikilvægt fyrir okkar ungu stráka að fá Hrannar og Baldur inn, sjá hvernig þeir undirbúa sig og bera sig að á bæði æfingum, fyrir leiki og í leikjum og lærði okkar lið mikið af þeim.

Við byrjuðum sumarið vel og vorum í toppbaráttu framan af. Hrannar fór aftur til KA í júlí og við fengum góða sendingu í starfsmanni PCC, Tomas Salamanavicius. Þegar álag jókst á 2.flokk og við fórum að lenda í meiðslum gáfum við fullmikið eftir í baráttunni og þegar sæti í efstu tveimur varð útilokað eftir 17.umferð fór loftið aðeins úr blöðrunni hjá okkur.

Frammistaða margra einstaklinga var góð og ber þar hæst að nefna Áka Sölvason. Áki gerði 17 mörk í 21 leik í 2.deildinni og varð markakóngur 2.deildar. Hann var kosinn leikmaður ársins



FÖSTUDAGURINN 12. AGÚST

KF x VÖLSUNGUR

ÓLAFSFJARDARVÖLLUR x 18:00

LögEign

af samherjum sínum á lokahófi. Jakob Héðinn Róbertsson var valinn efnilegastur en þessi 17 ára piltur kom við sögu í öllum deildarleikjum sumarsins, en aðeins Aron markvörður og Arnar Pálmi Kristjánsson gerðu það einnig. Arnar Pálmi spilaði einmitt hverja einustu mínútu hjá Völsungi þetta sumarið, þriðja sumarið í röð. VÁ!

Árangur sumarsins því 4.sæti í deild, 33 stig. Okkar ungu strákar fengu smjörþef af meistaraflokksbolta og 2.flokkurinn hjá okkur tók þátt í Íslandsmóti í fyrsta skipti síðan 2019. Þeir munu búa vel að þeirri reynslu í sumar en þótt úrslitin í sumar hafi ekki alltaf verið hagstæð spiluðu þeir æ betur saman og fullorðnuðust mikið í leik sínum.

Jóhann Kristinn þjálfari endurnýjaði svo ekki samning sinn í haust og hélt á nýjar slóðir. Við þökkum Jóa kærlega fyrir samstarfið síðastliðin ár en reynsla hans og þekking hefur verið ómetanleg

í starfi okkar Völsunga. Rafnar Máni Gunnarsson, sem er tvítugur á þegar 70 meistaraflokksleiki að baki, færði sig í ný ævintýri hjá Þór. Það er mikil eftirsjá í Rafnari en við óskum honum alls hins besta og vitum að hann mun laglega gera okkur grænu stolta.

Almennt séð hefur starfið gengið vel hjá okkur en ljóst er að fleiri hendur þarf í verkin, enda knattspyrna á Íslandi stunduð allan ársins hring. Knattspyrnuráð stefnir á samráðsfund strax á nýju ári og vonumst við til að sjá sem flesta þar, tilbúna á árararnar með okkur í að halda úti faglegu og skemmtilegu afreksstarfi í meistaraflokkum knattspyrnu á Húsavík.

Jólakeðjur til allra og einstaklega sérstakar til allra þeirra sem mættu og aðstoðuðu okkur, horfðu á leiki eða studdu við deildina á einn eða annan hátt.

ÁFRAM VÖLSUNGUR!!!





*Þekkingarnetið
á Hafnarstétt
óskar Þingeyingum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.*



Þekkingarnet
Þingeyinga

Gleðileg jól
farsælt komandi ár
þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Bílaþjónustan ehf.

Garðarsbraut 52 - 640 Húsavík
Sími 464 1122



Gleðileg jól

og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á
árinu sem er að líða.



Starfsfólk ÍSFELL
óskar öllum gleðilegra
jóna og farsældar
á komandi ári.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Óskum öllum
Völsungum gleðilegra
jóna og farsældar
á nýju ári.



ENOR

Gleðileg jól
farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.



Gleðileg jól
farsælt komandi ár.





VÖLSUNGSVÖRURNAR FRÁ



PUMA®

FÁST Í

SKÓBÚÐ

HÚSAVÍKUR



Óskum Völsungum öllum
gleðilegra jóla
og farsældar á nýju ári.

- Áfram Völsungur -



BELKOD

*ÓSKAR YKKUR
GLEÐILEGRA JÓLA
OG FARSÆLT NÝTT
ÁR MEÐ ÞÖKK
FYRIR VIÐSKIPTIN
Á ÁRINU.*

BELKOD

*HLÝJAR
JÓLAKVÆÐJUR*



**ORKUVEITA
HÚSAVÍKUR**